



Borgarráð

Svar við fyrirspurn áheyrnafulltrúa Flokks fólksins um breytingu samningsmarkmiða Reykjavíkurborgar vegna alvarlegs húsnæðisástands

Á fundi borgarráðs þann 23. júní 2022 lagði áheyrnafulltrúi Flokks fólksins fram svohljóðandi fyrirspurn:

Fram kemur að í samræmi við samningsmarkmið Reykjavíkurborgar er samið um að á reitnum, Kirkjusandur 2, verði 20% íbúða skilgreindar sem leiguíbúðir, stúdentaíbúðir, leiguíbúðir Félagsbústaða hf., búseturéttaríbúðir og/eða íbúðir fyrir aldraða. Félagsbústaðir hafa kauprétt á allt að 5% íbúða á umsömdu föstu verði, sbr. 4. gr. Fulltrúi Flokks fólksins veltir því fyrir sér hvort ekki sé tímabært að breyta samningsmarkmiðum Reykjavíkur og þá þannig að hækka prósentu íbúða sem skilgreindar eru leiguíbúðir, stúdentaíbúðir, leiguíbúðir Félagsbústaða hf., búseturéttaríbúðir og/eða íbúðir fyrir aldraða. Um þetta er spurt vegna húsnæðisástandsins sem kemur hvað verst niður á leigjendum og efnaminna fólki

Fyrirspurninni var vísað til meðferðar skrifstofu borgarstjóra og borgarritara með bréfi skrifstofu borgarstjórnar þann 16. ágúst 2022.

Svar:

Samningamarkmið Reykjavíkurborgar voru fyrst samþykkt á fundi borgarráðs þann 27. nóvember 2014 og frá þeim tíma verið endurskoðuð þegar ástæða hefur þótt til, nú síðast 1. febrúar sl.

Reykjavíkurborg á í viðræðum við ríkið um húsnæðissáttmála og kann niðurstaða þeirra viðræðna að kalla á endurskoðun samningsmarkmiða Reykjavíkurborgar. Er því ekki talin ástæða til að endurskoða samningsmarkmið Reykjavíkurborgar að svo stöddu.

Ívar Örn Ívarsson
Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara